



Norræna
ráðherranefndin

Listir og menning – drifkraftur sjálfbærrar þróunar á Norðurlöndum



Samstarfsáætlun
í menningarmálum
2021–2024

Uppbygging

Formáli	3
Inngangur	4
Stefnumarkandi áherslur	6
Græn Norðurlönd: Grænt menningarlíf tryggir góð lífsskilyrði núlífandi og komandi kynslóða	8
Samkeppnishæf Norðurlönd: Lífandi menning og listir stuðla að grænum hagvexti á Norðurlöndum og utan þeirra	10
Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Inngildandi norrænt menningarlíf eflir lýðræði, margbreytileika og lífsgæði	12
Viðauki	14
Tilhögun samstarfsins og samvinna við alþjóðlega aðila	14
Sjálfbær þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna	15
Mat á samstarfsáætlun	15
Tólf meginmarkmið framkvæmdaáætlunar	16
Menningartengdar aðgerðir í framkvæmdaáætlun	16
Stefnumótandi umboð fimm menningarstofnana Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024	17
Um þessa útgáfu	23

Formáli

Menning og fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi. Það var einmitt á grundvelli menningarsamstarfs Norðurlanda sem Norræna ráðherranefndin var stofnuð árið 1971. Menning og tungumál tengja Norðurlandabúa saman þvert á landamæri. Fyrstu kynni margra við nágrannabjóðirnar hafa verið í bókum, sjónvarpsþáttaröðum eða tónlist. Fjölbreytt menningarlíf á Norðurlöndum veitir svigrúm til að vera öðruvísi, til að þróa og vera forvitin. Standa ber vörð um menningu, tungumál og fjölmiðla á Norðurlöndum. Við, menningarmálaráðherrar Norðurlanda, munum vinna að því að efla menningu og menningarþátttöku á Norðurlöndum og utan þeirra.

Menningarsamstarfið er mikilvægur drifkraftur grænna umskipta á sviði samfélagsþróunar með samræðum og áþreifanlegum lausnum og til að tryggja góð lífsskjör núlifandi og komandi kynslóða. Menning, listir og fjölmiðlar skapa vettvang fyrir almenning, hafa mikilvægt dagskrárvald og hjálpa okkur að takast á við hnattræn viðfangsefni á við loftslagsvandann.

Við styðjum skapandi greinar og viðurkennum mikilvægi þeirra á Norðurlöndum og á alþjóðavettvangi. Skapandi greinar og menning eru mikilvæg til að auka samkeppnisfærni Norðurlanda og gera löndin eftirsóknarverð í augum umheimsins.

Við vinnum einnig að jafnrétti í inngildandi og aðgengilegu menningarlífi sem höfðar til enn fleiri Norðurlandabúa og menningaraðila. Við stöndum einnig vörð um frelsi fjölmiðla. Öllum á Norðurlöndum á að gefast kostur á að tjá sig frjálst og taka virkan þátt í menningarlífinu. Í því felst meðal annars mikilvægi þess að hlusta á raddir barna og ungs fólks nú og í framtíðinni.

Sú samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál sem hér liggur fyrir lýsir og markar stefnu í helstu pólitísku áherslumálum menningargeirans á gildistíma áætlunarinnar 2021–2024. Jafnframt styrkir hún framkvæmdaáætlun og markmið ráðherranefndarinnar um að Framtíðarsýnin fyrir 2030 verði að veruleika. Við munum vinna að því að menningarsamstarfið gegni áfram mikilvægu hlutverki í Framtíðarsýn ráðherranefndarinnar fyrir 2030 um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Joy Mogensen

menningarmálaráðherra Danmerkur

Formennska Danmerkur í Norrænu ráðherranefndinni 2020

Inngangur

Samstarfsáætlunin um menningarmál sem menningarmálaráðherrarnir (MR-K) samþykktu 18. október 2020 miðast við menningarlíf á Norðurlöndum. Hún er þáttur í framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi fyrir 2030, og hinum þremur stefnumarkandi áherslum hennar á græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Samstarfsáætlunin er í samræmi við tólf markmið framkvæmdaáætlunarinnar og þau svið menningargeirans sem eiga að vera í forgrunni. Á þann hátt markast stefnan í samstarfi menningarmálaráðherranna um hvernig menning, listir og fjölmiðlar tryggja stefnumarkandi áherslur framtíðarsýnarinnar og hvaða svið menningargeirans eiga að vera í forgrunni. Samstarfsáætlunin styður einnig heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Samstarfsáætlun um menningarmál 2021-2024 á að efla samfélag, þróun og samstarf í menningargeira hvarvetna á Norðurlöndum. Stefnan er að glæða menningararfinn lífi og efla inngildandi og nýstárlega norræna menningu og listir sem vekja athygli á Norðurlöndum sem sjálfbæru, samkeppnisfæru og eftirsóknarverðu menningarsvæði.

Fjölmiðlar, listir og menningarlíf eiga að vera frjáls og þar á að ríkja frelsi til að geta starfað, skapað og miðlað. Þess vegna er meginreglan um armslengdarfjarlægð sameiginlegt gildi fyrir menningarsamstarfið.

Norrænt menningarsamstarf byggist á reglunni um norrænt notagildi, að samstarfið fari fram þar sem löndin hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta og glíma við sömu áskoranir. Auka ber möguleika á skilvirkni og þróun með því að miðla reynslu og færni og mynda samstarfsnet.

Réttindi barna, málefni ungs fólks, jafnrétti og sjálfbæra þróun ber að samþætta í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Börn og ungmenni eru mikilvægir frumkvöðlar en einnig þátttakendur, meðhöfundar og markhópur. Jafnrétti er forsenda lifandi menningarlífs á Norðurlöndum og jafnrétti í menningarlífi getur rutt brautina fyrir jafnrétti á öðrum sviðum samfélagsins. Átaksverkefni um menningu og fjölmiðla stuðla einnig að sjálfbærni og lýðræði í samfélögum Norðurlanda.

Í hnattvæddum heimi skipta samskipti þjóða og menningarsamstarf æ meira máli og listrænt frelsi, tjáningarfrelsi og frelsi fjölmiðla er einnig mikilvægt í alþjóðlegu samstarfi. Átaksverkefni á þessum sviðum ráða úrslitum fyrir lýðræði og sjálfbærni í norrænum samfélögum, jafnvel á tímum hnattrænna vandamála á borð við COVID-19-faraldurinn.

Norrænt menningarsamstarf miðast við að allir fái notið sömu tækifæra til þátttöku og áhrifa. Jafnrétti og jöfnuður í menningar- og listalífi sem er aðgengilegt öllu fólki án mismununar stuðla að samheldni í samfélagi Norðurlanda en kalla á nýja og kerfislega nálgun. Samstarfsáætlunin leggur þess vegna áherslu fjölbreytileika og inngildingu óháð félags- og efnahagslegum bakgrunni, uppruna, trúarbrögðum, fötun, hælisstöðu, aldri og öðrum þáttum. Leggja ber ríka áherslu á tillitssemi við frumbyggja og þjóðabrot þar sem það á við.

Úttektir byggðar á rannsóknum og tölfræðiupplýsingar um menningu og fjölmiðla eiga að tryggja að menningarstefna eigi erindi og mótist af þekkingu.

**„Syv og en halv milliard
mennesker på samme planet.
Hver eneste av dem har sin egen,
unike historie. Alle sammen teller.
En av dem er deg!”**

*Úr **Alle sammen teller** eftir Kristin Roskifte, handhafa barna- og
unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2019*



WE CAN BE HEROES¹, KIDS IN JAZZ 2019², FOR COLORED GIRLS, NEW NORDIC VOICES³

Stefnumarkandi áherslur

Menningin er burðarstoð í samfélögum okkar sem skapar traust einkum í viðleitni okkar við að skapa græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Menningar- og listaupplifun veitir okkur skilning á okkur sjálfum og hvert öðru.

→ **Græn Norðurlönd:** Grænt menningarlíf tryggir góð lífsskilyrði núlifandi og komandi kynslóða

→ **Samkeppnishæf Norðurlönd:** Lifandi menning og listir stuðla að grænum hagvexti á Norðurlöndum og utan þeirra

→ **Félagslega sjálfbær Norðurlönd:** Inngildandi norrænt menningarlíf eflir lýðræði, margbreytileika og lífsgæði

-
1. We can be heroes, Sansusi Wellbeing Residency Programme (hlaut styrk úr Norrænu-baltnesku hreyfanleikaáætluninni á menningarsviði), ljósmynd: Daniel Oross
 2. Kids in Jazz 2019, verkstæði og tónleikar barna fyrir börn á aldrinum 7-15 ára (hlaut styrk úr Menningar- og listaáætluninni)
 3. Colored Girls, New Nordic Voices, margs konar sviðssetningar á norrænum og alþjóðlegum sígildum verkum (hlaut styrk úr Menningar- og listaáætluninni)

Framtíðarsýn okkar 2030

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan
hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á
þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og
stafrænni samþættingu.

**Norðurlönd
eiga að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir
grænum umskiptum í samfélögum
okkar og vinna að kolefnishlutleysi
og sjálfbæru hringrásarhagkerfi
og lífhagkerfi.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði
án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og
sem byggist á sameiginlegum gildum og
enn öflugri menningarsamskiptum og
velferð.



HAPPY END⁴, KARI STEIHAUG⁵, NORDIC ACTIONS ON NATURE⁶

Græn Norðurlönd:

Grænt menningarlíf tryggir góð lífsskilyrði núlifandi og komandi kynslóða

Markmið: Grænt menningarlíf fyrir núlifandi og komandi kynslóðir

Með norrænu samstarfi verða til tækifæri til að kynna og þróa góð dæmi og leiðir til vistvænnar menningarsköpunar, framleiðslu og dreifingar. Með því að koma þeim á framfæri og miðla þeim til annarra fagsviða getum við örvað samstarf um félagslega sjálfbærar og vistvænar menningarupplifanir.

Listafólk, sjónarmið skapandi fólks og þekking þess sem leynist í menningararfinum skapa tækifæri og leiðir til að öðlast skilning á stórum viðfangsefnum nútímans, til að mynda loftslagsvandanum. Menning og listir geta skapað og miðlað upplifun sem veitir nýtt innsæi og ný lífsgæði án þess að ganga á auðlindir jarðarinnar.

Smáar staðbundnar og sjálfbærar menningargreinar viðhalda lifandi landsbyggð og verðmætu menningarlandslagi hvarvetna á Norðurlöndum. Þær greiða fyrir umskiptum yfir í sjálfbært samfélag með því að varðveita og bera áfram ófnislegan

-
4. Happy End, frásagnir um og með líkómum sem hrörna með aldrinum í samstarfi við hjúkrunarheimili á öllum Norðurlöndum (hlaut styrk úr Menningar- og listaáætluninni)
5. Kari Steihaug, Syersken i Trastevere, innsetning fót sem rakna upp / þrjónuð mynd, sýnd í Norðurlandahúsinu í Færeyjum 2021
6. Nordic Actions on Nature, samstarf norræns gjörningalistafólks um umhverfismál og sjálfbærni (hlaut styrk úr Menningar- og listaáætluninni)

menningararf í formi hefðbundinnar þekkingar. Meðvituð túlkun í arkitektúr, formi og hönnun auk vistvænnar hugsunar í borgarskipulagi skapa mannúðlegri lífheima.

Vistvænt menningar- og listalíf er mikilvægt nú og til framtíðar. Borgaralegt samfélag á Norðurlöndum og einkum börn og ungt fólk verða því virkir breytingarvaldar í grænum breytingum á menningargeira á Norðurlöndum.

Við munum:

- Styðja nýsköpun, hugmyndir og þekkingu fyrir græn átaksverkefni á sviði menningar, lista og fjölmiðla
- Leggja áherslu á brautryðjendahlutverk skapandi greina í grænni framleiðslu og neyslu
- Styðja græna verndun, nýtingu og þróun menningararfsins í samræmi við alþjóðlega sáttmála

**„Glem aldrig den nye generation,
når endelig den henvender sig til
dig.“**

*Úr **Climate song** eftir Rasmus Lyberth en hann var tilnefndur til tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2020*



SIRKUM POLARIS AND NUUA⁷, PROJEKT JACOB⁸, STAGES – NEW NORDIC PERFORMING ARTS⁹

Samkeppnishæf Norðurlönd:

Lifandi menning og listir stuðla
að grænum hagvexti á
Norðurlöndum og utan þeirra

Markmið: Nýskapandi lista- og menningarlíf festi Norðurlönd í sessi sem eftirsóknarverð og sýnilegt menningarsvæði á heimskortinu.

Alþjóðaathygli á norrænu listafólki og menningaraðilum eykur einnig sýnileika þeirra innan Norðurlanda. Skapandi greinar á Norðurlöndum eru þáttur í markaðssetningu, dreifingu, fjárfestingum og sýnileika þekktra norrænna greina einnig á öðrum sviðum samfélagsins. Kynning á norrænni menningu erlendis leiðir til samtals og samvinnu við önnur lönd og vekur jafnframt athygli á norrænni menningu og listum svo og á Norðurlöndum sem svæði. Athyglin beinist einnig að nýjum norrænum líkönum fyrir sjálfbærni, nýsköpun og (stafrænan) hreyfanleika. Átaksverkefni sem menningarmálaráðherrarnir hleypa af stokkunum utan Norðurlandanna hafa jákvæð áhrif á pólitískt og efnahagslegt samstarf Norðurlanda við önnur lönd heims á ýmsum sviðum.

Samstarf og þekking á menningu, listum og tungumálum nágrannalandanna stuðla

7. Sirkum Polaris and Nuua, Kulovalkea (hlaut styrk úr Norrænu-baltnesku hreyfanleikaáætluninni á menningarsviði), ljósmynd: Valpuri Kaarninen

8. Projekt Jacob, Nuuk Nordic Festival, Grænlandi (hlaut styrk úr Norrænu-baltnesku hreyfanleikaáætluninni á menningarsviði), ljósmynd: Andreas Daugstad Leonardsen

9. Stages – New Nordic Performing Arts, vettvangur og hátíð nýrrar norrænnar sviðslistar (hlaut styrk úr Menningar- og listaáætluninni), ljósmynd: Malin Schiller

að því að skapa samlegð innan svæðisins. Norrænt menningarsamstarf skapar einnig virðisauka í alþjóðlegu samstarfi, meðal annars um málefni norðurslóða, þar á meðal Samalands með viðeigandi alþjóðastofnunum.

Við munum:

- Styðja tækifæri listafólks og menningaraðila til að koma sér á framfæri á Norðurlöndum og utan þeirra.
- Vekja athygli á Norðurlöndum sem eftirsóknarverðu og skapandi svæði sem eflir samanlagða samkeppnisfærni landanna.
- Kanna nýjar leiðir í alþjóðlegu samstarfi á sviði menningar og fjölmiðla.

**„Glem de frie markedskræfter,
min ven. Varepriserne refererer
ikke længere til nogen værdi i
fortiden eller nuet, de er mest af
alt fremtidens genfærd.“**

*Úr **Efter solen** eftir Jonas Eika, handhafa bókmenntaverðlauna
Norðurlandaráðs 2019*



LISTAVERKSTÆÐI FYRIR BÖRN UM LOFTSLAGSMÁL¹⁰, ANERSAAQ¹¹, MY GAY SISTER¹²

Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Inngildandi norrænt menningarlíf eflir lýðræði, margbreytileika og lífsgæði

Markmið: Jafnrétti og inngilding í lista- og menningarlífi sem verði öllum aðgengilegt hvarvetna á Norðurlöndum

Þau grundvallareinkenni norrænna samfélaga að vera öllum opin og byggð á jafnrétti stuðla að auðugu, skapandi og fjölbreyttu menningarlífi. Listrænt frelsi, tjáningarfrelsi og frelsi fjölmiðla er mikilvægt í norrænu menningarsamstarfi og er grundvöllur lýðræðislegs samfélags.

Í norrænu samstarfi er mikilvægt að geta efnt til og ýtt undir umræður um menningarmál þar sem ólíkar raddir fá að heyrast. Nýir stafrænir netvangar breyta aðstæðum lýðræðis og tjáningarfrelsis og þar geta menning og listir skipt sköpum. Fjölmiðla- og upplýsingalæsi er einnig mikilvægt og verður æ brýnni forsenda fyrir þátttöku og inngildingu í lýðræðislegum ferlum. Óháðir fjölmiðlar sem bjóða upp á gagnrýna, lausnamiðaða og vandaða blaðamennsku skipta einnig miklu máli í vinnunni að félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Þörf er á nýjum og skipulegum aðgerðum til að koma á kerfislægum breytingum í því

10. Listaverkstæði fyrir börn um loftslagsmál, Världen i byn-festival, Helsinki, ljósmynd: Seppo Samuli

11. Anersaaq, hreyfanlegt fjölmiðlalistarverk í opinberu rými (hlaut styrk úr Menningar- og listaáætluninni)

12. My Gay Sister (kyrrmynd) Nordic Junior Sessions sem kannar og dreifir kvikmyndum fyrir börn og ungmennt á Norðurlöndum (hlaut styrk úr Menningar- og listaáætluninni)

skyni að ná fram jafnrétti, inngildingu og margbreytileika í menningarlífinu. Viðfangsefnin snerta menningarneytendur en einnig aðstæður starfsfólks í menningargeira, starfsframa þess, menningarhagkerfi, valdskipan og ýmis viðurkenningar- og úrvalskerfi.

Áhersla er lögð á börn og ungmenni sem frumkvöðla, þátttakendur, meðhöfunda og markhóp. Öflugri aðgerðir í þágu menningar- og tungumálaskilnings barna og ungs fólks á Norðurlöndum skapa samkennd, traust og lifandi samfélög.

Við munum:

- Vinna að frjálsri og opinni tjáningarhefð sem greiðir fyrir vettvangi fyrir samtal, fundi og lýðræði með virðingu fyrir armslengdarreglunni svo og listrænu frelsi, tjáningarfrelsi og frelsi fjölmiðla hvarvetna á Norðurlöndum og alþjóðlega.
- Styðja inngildandi menningar- og listalíf sem er aðgengilegt öllum og þar sem börn og ungmenni geta átt frumkvæði og verið flytjendur, meðhöfundar eða þátttakendur.
- Varða leiðina fyrir jafnrétti og jöfnuð í menningarlífinu.
- Auka aðgengi og þekkingu á menningu og tungumálum norrænu nágrannalandanna.

„Fúkkalyktin lúrir í loftinu. Ég kannast við ljósakrónuna í loftinu en birtan er mött og grá og skortir ljóma.“

*Úr Ör eftir Auði Övu Ólafsdóttur, handhafa
bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2018*



Viðauki

Tilhögun samstarfsins og samvinna við alþjóðlega aðila

Norræna ráðherranefndin er opinber samstarfsstofnun norrænu ríkisstjórnanna. Menningarmálaráðherrar landanna, einnig Álandseyja, Færeyja og Grænlands, öðru nafni Norræna ráðherranefndin um menningarmál, MR-K, hafa umsjón með og leiða menningarsamstarf Norrænu ráðherranefndarinnar. Norræna embættismannanefndin um menningarsamstarf, EK-K, sem skipuð er embættismönnum úr menningarmálaráðuneytum landanna, einnig Álandseyja, Færeyja og Grænlands, leiðir starfið og undirbýr tillögur um menningarmál fyrir afgreiðslu og ákvörðun menningarmálaráðherranna. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar undirbýr mál til umfjöllunar í ráðherranefnd og embættismannanefnd og sér um að allar ákvarðanir um menningarmál komi til framkvæmdar.

Menningarstofnanir og menningarstyrkjaáætlanir Norrænu ráðherranefndarinnar gegna mikilvægu hlutverki innan ráðherranefndarinnar um menningarmál sem og við framkvæmd bæði framtíðarsýnarinnar og samstarfsáætlunarinnar. Starfsemi stofnana og styrkjaveitingar ná langt yfir norrænt, norrænt-baltneskt og alþjóðlegt menningarlíf, til einstakra listamanna, hugsjónastofnana og opinberra menningarstofnana og til almennings sem nýtur norrænna lista og menningar. Armslengdarfjarlægðin er mikilvæg í öllu menningarsamstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna ráðherranefndin um menningarmál á samstarf við ýmsar alþjóðlegar stofnanir og verkefni, meðal annars vinna Norðurlöndin þétt saman á vettvangi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. Ráðherranefndin um menningarmál tekur einnig þátt í samstarfi Evrópusambandsins við Eystrasalt, Priority Area Culture og tekur frumkvæði í menningarsamstarfi á norðurslóðum.

Norrænt menningarsamstarf gegnir hlutverki í umheiminum en einnig fyrir almenning hvarvetna á Norðurlöndum og endurspeglar sameiginleg gildi landanna. Stór og lítil átaksverkefni í menningarmálum örva lista- og menningarlíf á

13. Skuggaboxari, Nordic Junior Sessions (hlaut styrk úr Menningar- og listaáætluninni)

Norðurlöndum og utan þeirra, hvetja til skilnings á norrænum tungumálum, efla skapandi greinar og stuðla að þekkingarmiðlun og söfnun tölfræðiupplýsinga um menningu og fjölmiðla. Fjölmiðlastefna er samofin norrænu menningarsamstarfi.

Menningarsamstarf og norrænn tungumálaskilningur stuðla að hreyfanleika og aðlögun á Norðurlöndum rétt eins og hreyfanleiki og aðlögun stuðla að auknum menningar- og tungumálaskilningi. Framleiðsla kvikmynda og sjónvarpsefnis, bókmenntaþýðingar og stuðningur við dreifingu norrænnar listar og menningar eru aðrir þættir sem auka þekkingu á tungumálum norrænu ríkjanna. Með því að liðka fyrir og gefa kost á upplifun sem vekur áhuga og þekkingu á menningu og tungumálum handan landamæra gegnir menningargeirinn mikilvægu hlutverki í opinberu norrænu samstarfi. Menningargeirinn á samstarf við menntamálageirann um verkefni og aðgerðir til eflingar norrænum tungumálaskilningi.

Til að markmiðin náist þarf menningargeirinn að leita samstarfs við aðra geira, til að mynda á sviði jafnréttismála, umhverfis- og loftslagsmála, atvinnustefnu, félagsmála og stafræna umskipta.

Sjálfbær þróun, jafnrétti og sjónarmið réttinda barna og málefna ungmenna

Sjónarmið sjálfbærrar þróunar, jafnréttis, réttinda barna og málefna ungs fólks ber að samþætta í öllu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Samþætting umræddra sjónarmiða er forsenda framtíðarsýnar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Í þessu felst að umrædd sjónarmið eru samþætt með skipulegum hætti í allri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Þeirra ber að gæta á öllum stigum undirbúnings, ákvarðanatöku, framkvæmdar og mats. Ábyrgðin hvílir á valdhöfum, starfsfólki og öðrum sem að öllu jöfnu taka þátt í starfinu og er hún í samræmi við [Stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjónarmiða sjálfbærrar þróunar, jafnréttis, réttinda barna og málefna ungs fólks.](#)

Norrænu ráðherranefndinni ber ekki eingöngu að flétta þessi þrjú þverlægu sjónarmið inn í starfið í því skyni að fylgja eftir pólitískum ákvörðunum. Einnig á að læra af fenginni reynslu og samþættingin á að tryggja gæði og gildi starfseminnar, jafnframt að vitað sé örugglega um áhrif og afleiðingar ákvarðana og verkefna á umhverfið, samfélagið og íbúa Norðurlanda.

Mat á samstarfsáætlun

Samstarfsáætlunin um menningarmál er til fjögurra ára (2021–2024). Áætlunin verður metin áður en gildistíma lýkur. Matið felst meðal annars í að kanna hvort og þá hvernig tekist hefur að ná þeim markmiðum sem nefnd eru í samstarfsáætluninni. Jafnframt hvernig þau hafa framfylgt framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi og stefnumarkandi áherslum hennar á græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Tólf meginmarkmið framkvæmdaáætlunar

Græn Norðurlönd

- Efla rannsóknir, þróun og framgang lausna sem stuðla að kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum, t.a.m. í samgöngum, byggingum, matvælum og orkumálum.
- Eiga þátt í að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar á Norðurlöndum.
- Efla hringrásar- og lífhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælakefni og auðlindanýtnar og óeittraðar hringrásir á Norðurlöndum.
- Auðvelda norrænum neytendum og gera það eftirsóknarvert að velja hollar, vistvænar og loftslagsvænar vörur með sameiginlegum aðgerðum um sjálfbæra neyslu.
- Stuðla að jákvæðri þróun í alþjóðasamstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, t.a.m. með því að liðka fyrir norrænum grænum lausnum víðar um heim.

Samkeppnishæf Norðurlönd

- Styðja þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á öllum Norðurlöndum að nýta til fulls þá þróunarmöguleika sem felast í grænum, tæknilegum og stafrænum umskiptum og hinu vaxandi lífhagkerfi.
- Þróa færni og öfluga vinnumarkaði sem standast kröfur grænna umskipta og stafrænnar þróunar og sem styðja frjálsa för á Norðurlöndum.
- Nýta stafræn umskipti og menntun til að færa Norðurlöndin nær hvert öðru.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

- Stuðla að gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla.
- Beita sér fyrir því að allur almenningur á Norðurlöndum taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýta sóknarfæri umskiptanna og vinna gegn því að umskiptin auki ójöfnuð í samfélaginu.
- Veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd og aðild að norrænu samstarfi, einnig að auka þekkingu þeirra á tungumálum og menningu frændþjóðanna.
- Viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, inngilding, jafnræði og tjáningarfrelsi.

Menningartengdar aðgerðir í framkvæmdaáætlun

- Norðurlönd leiðandi á sviði sjálfbærni og samkeppnisfærni í bygginga-, mannvirkja- og fasteignageira með því að draga úr loftslagsáhrifum.
- Norræn verkefni um sjálfbæra lífshætti.
- Norrænt átaksverkefni um fjölmiðlalæsi.
- Öflugar aðgerðir um tungumála- og menningarläsi barna og ungs fólks á Norðurlöndum.
- Lýðræði, inngilding og samheldni á Norðurlöndum

Stefnumótandi umboð fimm menningarstofnana Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024

Hinar fimm samnorrænu menningarstofnanir hljóta allar svonefnd stefnumótandi umboð frá norrænu menningarmálaráðherrunum (MR-K) en þeir ákveða umgjörðina um starfsemi og hlutverk stofnananna. Stefnumótandi umboð eru til fjögurra ára í senn og er gildistími þeirra hinn sami og samstarfsáætlunarinnar.

- Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)
- Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH)
- Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi (NAPA)
- Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)
- Norræna menningargáttin (NKK)

Stefnumótandi umboð Norræna hússins í Reykjavík (NOREY) 2021–2024

Stefnumótandi umboð þetta er hluti af samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum 2021–2024 og var það samþykkt af ráðherranefndinni um menningarmál þann 1. desember 2020.

Menning og listir eru forsendur þess að fólk geti kynnt sér, nálgast og öðlast skilning á öðrum löndum, íbúum þeirra og samfélögum. Eigi Norðurlöndin að vera samþætt svæði er mikilvægt að vettvangur séu fyrir hendi sem mynda og skapa stöðugt snertifleti fólks og landa einnig til lengri tíma litið. Norræna húsið í Reykjavík (NOREY) er þess háttar vettvangur í krafti opinberrar næveru sinnar, sýnileika og beinna tengsla við borgaralegt samfélag. Þess vegna gegnir stofnunin stefnumótandi hlutverki við framfylgni markmiða samstarfsáætlunar í menningarmálum svo og framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024.

Norræna húsið í Reykjavík á að auka skilning og þekkingu á mikilvægu hlutverki menningar og lista í sjálfbærri þróun. Meðal annars að eiga frumkvæði að góðum dæmum, miðla þeim og hvetja til grænnar menningarframleiðslu, -miðlunar og -neyslu.

Samskipti menningarlegra og listrænna aðila á hinum ýmsu Norðurlöndum stuðla að listrænni einbeitingu og endurnýjun, myndun samstarfsneta og færniþróun og á þann hátt að samkeppnisfærum menningargeira. Norræna húsið á að greiða fyrir, styðja og vera vettvangur þess háttar samskipta.

Starfsemi Norræna hússins á að endurspegla fjölbreytta menningar- og listtjáningu, vera aðgengileg og eiga erindi til menningaraðila og almennings, óháð aldri, kyni, tungu, menningar- eða þjóðernisuppruna, líkamlegu atgervi, kynhneigð, trúarbrögðum, búsetu eða félagslegum eða hagrænum aðstæðum. Tjáningarfrelsi, listrænt frelsi, jöfnuður og jafnrétti skulu vera í öndvegi hjá stofnuninni og stuðla að trausti og samkennd á Norðurlöndum.

Börn og ungmenni eru markhópur sem nýtur forgangs í starfsemi stofnunarinnar og leggja ber sérstaka áherslu á að efla rödd barna og ungmenna, frumkvæði þeirra og sköpunarkraft í norrænu samstarfi. Með virðingu fyrir aðstæðum barna og ungmenna á Norræna húsið að kveikja forvitni þeirra og löngun til að fræðast um menningu, tungumál og samfélög hinna Norðurlandanna.

Markmið stefnumótandi umboðs skulu tilgreind í árangursmarkmiðum árlegrar fjárhagsáætlunar og fjárveitingarbréfs.

Stefnumótandi umboð Norðurlandahússins í Færeyjum (NLH) 2021–2024

Stefnumótandi umboð þetta er hluti af samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum 2021-2024 og var samþykkt af ráðherranefndinni um menningarmál þann 1. desember 2020.

Menning og listir eru forsendur þess að fólk geti kynnt sér, nálgast og öðlast skilning á öðrum löndum, íbúum þeirra og samfélögum. Eigi Norðurlöndin að vera samþætt svæði er mikilvægt að vettvangur séu fyrir hendi sem mynda og skapa stöðugt snertifleti fólks og landa einnig til lengri tíma litið. Norðurlandahúsið í Færeyjum (NLH) er þess háttar vettvangur í krafti opinberrar nærveru sinnar, sýnileika og beinna tengsla við borgaralegt samfélag. Þess vegna gegnir stofnunin stefnumótandi hlutverki við framfylgni markmiða samstarfsáætlunar í menningarmálum svo og framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024.

Norðurlandahúsið í Færeyjum á að auka skilning og þekkingu á mikilvægu hlutverki menningar og lista í sjálfbærri þróun. Meðal annars að eiga frumkvæði að góðum dæmum, miðla þeim og hvetja til grænnar menningarframleiðslu, -miðlunar og -neyslu.

Samskipti menningarlegra og listrænna aðila á hinum ýmsu Norðurlöndum stuðla að listrænni einbeitingu og endurnýjun, myndun samstarfsneta og færniþróun og á þann hátt að samkeppnisfærum menningargeira. Norðurlandahúsið á að greiða fyrir, styðja og vera vettvangur þess háttar samskipta.

Starfsemi Norðurlandahússins á að endurspegla fjölbreytta menningar- og listtjáningu, vera aðgengileg og eiga erindi til menningaraðila og almennings, óháð aldri, kyni, tungu, menningar- eða þjóðernisuppruna, líkamlegu atgervi, kynhneigð, trúarbrögðum, búsetu eða félagslegum eða hagrænum aðstæðum. Tjáningarfrelsi, listrænt frelsi, jöfnuður og jafnrétti skulu vera í öndvegi hjá stofnuninni og stuðla að trausti og samkennd á Norðurlöndum.

Börn og ungmenni eru markhópur sem nýtur forgangs í starfsemi stofnunarinnar og leggja ber sérstaka áherslu á að efla rödd barna og ungmenna, frumkvæði þeirra og sköpunarkraft í norrænu samstarfi. Með virðingu fyrir aðstæðum barna og ungmenna á Norðurlandahúsið að kveikja forvitni þeirra og löngun til að fræðast um menningu, tungumál og samfélög hinna Norðurlandanna.

Norðurlandahúsið á að vera hvati að og vettvangur fyrir sjálfbæra norræna samvinnu í menningarmálum.

Markmið stefnumótandi umboðs skulu tilgreind í árangursmarkmiðum árlegrar fjárhagsáætlunar og fjárveitingarbréfs.

Stefnumótandi umboð Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi (NAPA) 2021–2024

Stefnumótandi umboð þetta er hluti af samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum 2021-2024 og var það samþykkt af ráðherranefndinni um menningarmál þann 1. desember 2020.

Menning og listir eru forsendur þess að fólk geti kynnt sér, nálgast og öðlast skilning á öðrum löndum, íbúum þeirra og samfélögum. Eigi Norðurlöndin að vera samþætt svæði er mikilvægt að vettvangar séu fyrir hendi sem mynda og skapa stöðuga snertifleti fólks og landa til lengri tíma litið. Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA) er þess háttar vettvangur í krafti opinberrar nærveru sinnar, sýnileika og beinna tengsla við borgaralegt samfélag. Þess vegna gegnir stofnunin stefnumótandi hlutverki við framfylgni markmiða samstarfsáætlunar í menningarmálum svo og framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024.

Norræna stofnunin á Grænlandi á að auka skilning og þekkingu á mikilvægu hlutverki menningar og lista í sjálfbærri þróun. Meðal annars að eiga frumkvæði að góðum dæmum, miðla þeim og hvetja til grænnar menningarframleiðslu, -miðlunar og -neyslu.

Samskipti menningarlegra og listrænna aðila á hinum ýmsu Norðurlöndum stuðla að listrænni einbeitingu og endurnýjun, myndun samstarfsneta og færniþróun og á þann hátt að samkeppnisfærum menningargeira. Norræna stofnunin á Grænlandi á að greiða fyrir, styðja og vera vettvangur þess háttar samskipta.

Starfsemi Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi á að endurspegla fjölbreytta menningar- og listtjáningu, vera aðgengileg og eiga erindi til menningaraðila og almennings, óháð aldri, kyni, tungu, menningar- eða þjóðernisuppruna, líkamlegu atgervi, kynhneigð, trúarbrögðum, búsetu eða félagslegum eða hagrænum aðstæðum. Tjáningarfrelsi, listrænt frelsi, jöfnuður og jafnrétti skulu vera í öndvegi hjá stofnuninni og stuðla að trausti og samkennd á Norðurlöndum.

Börn og ungmenni eru markhópur sem nýtur forgangs í starfsemi stofnunarinnar og leggja ber sérstaka áherslu á að efla rödd barna og ungmenna, frumkvæði þeirra og sköpunarkraft í norrænu samstarfi. Með virðingu fyrir aðstæðum barna og ungmenna á Norræna stofnunin á Grænlandi að kveikja forvitni þeirra og löngun til að fræðast um menningu, tungumál og samfélög hinna Norðurlandanna.

Með því að styðja menningarverkefni sem byggjast á sjálfbæru samstarfi norrænna aðila einnig við aðila á norðurslóðum á Norræna stofnunin á Grænlandi að stuðla að skilningi milli menningarheima og sjá til þess að norrænt samstarf eigi erindi og þyki sjálfsagt í menningarlífi en einnig borgaralegu samfélagi á Grænlandi.

Norræna stofnunin á Grænlandi á að gera sjónarmið norðurslóða sýnileg í norrænu menningarsamstarfi og á Norðurlöndum, og vera norræn rödd í menningarsamstarfi á norðurslóðum.

Markmið stefnumótandi umboðs skulu tilgreind í árangursmarkmiðum árlegrar fjárhagsáætlunar og fjárveitingarbréfs.

Stefnumótandi umboð Norrænu stofnunarinnar á Álandseyjum (NIPÅ) 2021–2024

Stefnumótandi umboð þetta er hluti af samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum 2021–2024 og var það samþykkt af ráðherranefndinni um menningarmál þann 1. desember 2020.

Menning og listir eru forsendur þess að fólk geti kynnt sér, nálgast og öðlast skilning á öðrum löndum, íbúum þeirra og samfélögum. Eigi Norðurlöndin að vera samþætt svæði er mikilvægt að vettvangur séu fyrir hendi sem mynda og skapa stöðugt snertifleti fólks og landa einnig til lengri tíma litið. Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ) er þess háttar vettvangur í krafti opinberrar næveru sinnar, sýnileika og beinna tengsla við borgaralegt samfélag. Þess vegna gegnir stofnunin stefnumótandi hlutverki við framfylgni markmiða samstarfsáætlunar í menningarmálum svo og framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024.

Norræna stofnunin á Álandseyjum á að auka skilning og þekkingu á mikilvægu hlutverki menningar og lista í sjálfbærri þróun. Meðal annars að eiga frumkvæði að góðum dæmum, miðla þeim og hvetja til grænnar menningarframleiðslu, -miðlunar og -neyslu.

Samskipti menningarlegra og listrænna aðila á hinum ýmsu Norðurlöndum stuðla að listrænni einbeitingu og endurnýjun, myndun samstarfsneta og færniþróun og á þann hátt að samkeppnisfærum menningargeira. Norræna stofnunin á Álandseyjum á að greiða fyrir, styðja og vera vettvangur þess háttar samskipta.

Starfsemi Norrænu stofnunarinnar á Álandseyjum á að endurspeglar fjölbreytta menningar- og listtjáningu, vera aðgengileg og eiga erindi til menningaraðila og almennings, óháð aldri, kyni, tungu, menningar- eða þjóðernisuppruna, líkamlegu atgervi, kynhneigð, trúarbrögðum, búsetu eða félagslegum eða hagrænum aðstæðum. Tjáningarfrelsi, listrænt frelsi, jöfnuður og jafnrétti skulu vera í öndvegi hjá stofnuninni og stuðla að trausti og samkennd á Norðurlöndum.

Börn og ungmenni eru markhópur sem nýtur forgangs í starfsemi stofnunarinnar og leggja ber sérstaka áherslu á að efla rödd barna og ungmenna, frumkvæði þeirra og sköpunarkraft í norrænu samstarfi. Með virðingu fyrir aðstæðum barna og ungmenna á Norræna stofnunin á Álandseyjum að kveikja forvitni þeirra og löngun til að fræðast um menningu, tungumál og samfélög hinna Norðurlandanna.

Norræna stofnunin á Álandseyjum á að stuðla að því að norrænt samstarf eigi erindi og þyki sjálfsagt í álensku menningarlífi og borgaralegu samfélagi Álandseyja þar sem það á við. Góð tengsl í álensku samfélagi auka áhuga á og þátttöku í norrænu samstarfi.

Markmið stefnumótandi umboðs skulu tilgreind í árangursmarkmiðum árlegrar fjárhagsáætlunar og fjárveitingarbréfs.

Stefnumótandi umboð Norrænu menningargáttarinnar (NKK) 2021–2024

Stefnumótandi umboð þetta er hluti af samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í menningarmálum 2021-2024 og var samþykkt af ráðherranefndinni um menningarmál þann 1. desember 2020.

Menning og listir eru forsendur þess að fólk geti kynnt sér, nálgast og öðlast skilning á öðrum löndum, íbúum þeirra og samfélögum. Eigi Norðurlöndin að vera samþætt svæði er mikilvægt að vettvangur séu fyrir hendi sem mynda og skapa stöðugt snertifleti fólks og landa einnig til lengri tíma litið. Norræna menningargáttin (NKK) er þess háttar vettvangur í krafti opinberrar nærveru sinnar, sýnileika og beinna tengsla við borgaralegt samfélag. Þess vegna gegnir stofnunin stefnumótandi hlutverki við framfylgni markmiða samstarfsáætlunar í menningarmálum svo og framkvæmdaáætlunar framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024.

Norræna menningargáttin á að auka skilning og þekkingu á mikilvægu hlutverki menningar og lista í sjálfbærri þróun. Meðal annars að eiga frumkvæði að góðum dæmum, miðla þeim og hvetja til grænnar menningarframleiðslu, -miðlunar og -neyslu.

Samskipti menningarlegra og listrænna aðila á hinum ýmsu Norðurlöndum stuðla að listrænni einbeitingu og endurnýjun, myndun samstarfsneta og færniþróun og á þann hátt að samkeppnisfærum menningargeira. Norræna menningargáttin á að greiða fyrir, styðja og vera vettvangur þess háttar samskipta.

Starfsemi Norrænu menningargáttarinnar á að endurspegla fjölbreytta menningar- og listtjáningu, vera aðgengileg og eiga erindi til menningaraðila og almennings, óháð aldri, kyni, tungu, menningar- eða þjóðernisuppruna, líkamlegu atgervi, kynhneigð, trúarbrögðum, búsetu eða félagslegum eða hagrænum aðstæðum. Tjáningarfrelsi, listrænt frelsi, jöfnuður og jafnrétti skulu vera í öndvegi hjá stofnuninni og stuðla að trausti og samkennd á Norðurlöndum.

Börn og ungmenni eru markhópur sem nýtur forgangs í starfi hússins og leggja ber sérstaka áherslu á að efla rödd barna og ungmenna, frumkvæði þeirra og sköpunarkraft í norrænu samstarfi. Með virðingu fyrir aðstæðum barna og ungmenna á Norræna menningargáttin að kveikja forvitni þeirra og löngun til að fræðast um menningu, tungumál og samfélög hinna Norðurlandanna.

Norræna menningargáttin hefur umsjón með styrkjaáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar og heldur á þann hátt áfram að endurnýja norrænt og norrænt-baltneskt menningarsamstarf.

Markmið stefnumótandi umboðs skulu tilgreind í árangursmarkmiðum árlegrar fjárhagsáætlunar og fjárveitingarbréfs.

Um þessa útgáfu

Listir og menning – drifkraftur sjálfbærrar þróunar á norðurlöndum Samstarfsáætlun í menningarmálum 2021–2024

PolitikNord: 2021:707

ISBN 978-92-893-6890-2 (PDF)

ISBN 978-92-893-6891-9 (ONLINE)

<http://doi.org/10.6027/politknord2021-707>

© Norræna ráðherranefndin 2021

Umbrot: Mette Agger Tang

Myndskreyting á kápu: Linda Bondestam, myndskreyting úr safnritinu „På tværs af Norden“

Mynd í formála: Enno Hallek og Åke Pallarp, Regnbogar á Stadion jarðlestastöðinni í Stokkhólmi (1973), ljósmynd: Unsplash

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur

Tenging samstarfsáætlunarinnar við *Framtíðarsýn okkar 2030*



Allt starf Norrænu ráðherranefndarinnar á að framfylgja Framtíðarsýn okkar 2030 um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Í samstarfsáætluninni er greint frá því hvernig sviðið mun vinna með hinar þrjár stefnumarkandi áherslur og stuðla að því að markmiðin tólf í framkvæmdáætlun 2021–2024 náist svo uppfylla megi Framtíðarsýn okkar 2030.

→ norden.org um framkvæmdáætlunina og aðrar samstarfsáætlanir